



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. október 2019


Tilvísun: 201910-0009

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um útgáfu á dómum og skjölum Yfirréttarins á Íslandi í tilefni af aldarafmæli Hæstaréttar – 232. mál**

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn tekur undir mikilvægi þess að gefa út með vönduðum hætti skjöl eða skjalaflokka sem tengjast helstu stofnunum Íslands s.s. Alþingis, stjórnarsýslu, dómskerfis, kirkjunnar o.fl. enda auðveldar það rannsóknir á sögu landsins og heimildagildi slíks efnis er ótvírætt eins og segir í tillögunni.

En í stað þess að gefa dóma og skjöl Yfirréttarins á Íslandi út í 10 binda verki á prenti, er lagt til að gerður verði gagnagrunnur og vefsíða sem er opin öllum, þar sem almenningur og rannsakendur eiga auðvelt með að nálgast efnið, leita í því, tengja saman, lesa það og prenta út ef þarf.

Virðingarfyllt

  
Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir

landsbókavörður